

SKÓLADEILD  
AKUREYRARBÆJAR  
GLENÁRGÖTU 26  
600 AKUREYRI

OPIN VIRKA DAGA  
KL. 8-16  
SÍMI 460-1455

### RITSTJÓRN

Gunnar Gíslason  
gunnarg@akureyri.is  
Sesselja Sigurðardóttir  
sesselja@akureyri.is

### MARKMIÐ BLAÐSINS

er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [gunnarg@akureyri.is](mailto:gunnarg@akureyri.is) eða [sesselja@akureyri.is](mailto:sesselja@akureyri.is) Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

### DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvu-  
pósti (pdf-snið) til starfsfólks  
skóla í leik- grunn- og tón-  
listarskóla bæjarins, auk  
fulltrúa foreldra o.fl.  
á starfstíma skóla.

### Tónæði í Hofi

Föstudaginn 10. desember  
verður jólasöngur hjá Tón-  
æðinu í Hofi kl. 16. Jón-  
söngurinn er með fyrir-  
komulaginu „komi þeir sem  
koma vilja, fari þeir sem  
fara vilja“. Sungið verður á  
1. hæð og eru allir vel-  
komnir. Með þessum söng  
mun Tónæðið syngja sig  
inn í jólafríð.

Upplýsingar um viðburði  
Tónlistarskólans í desember  
má finna á heimasíðu  
skólans  
<http://tonak.is/>

# Skóla - akur



Vefrit um skólamál 26. tbl. 4. árg. 9. des. 2010

### Ljósíð

Nú þegar líða tekur að jólum hvarflar hugurinn gjarnan að „ljósinu“. Við erum stödd á þeim árstíma sem er myrkastur, en til að takast á við myrkrið höldum við hátíð ljóssins og beinum því huganum að því jákvæða í umhverfi okkar, kærleika, friði og gleði. Þetta segir mér að maðurinn leitast ávallt við að laga aðstæður sínar þannig að honum líði þar sem best. Þetta er mikilvægt að hafa í huga núna þegar neikvæðar bylgjur hafa dunið á íslensku þjóðinni í hart nær tvö ár. Við verðum sem þjóð að fara að komast upp úr þessu hjólfari og horfa til þeirra tækifæra sem í kringum okkur eru. Þetta er afar mikilvægt í öllu skólalífi, þar sem unnið er með börnunum og unglingum.

Nú hef ég komið í nánast alla skóla Akureyrarbæjar á þessu hausti og upplifi ég þar almennt jákvætt og uppbyggjandi andrúmsloft. Það er ekki sjálfsagt að svo sé í ljósi þess sem ég nefndi hér áður. Fyrir þetta ber að þakka öllum starfsmönnum skólanna hér í bæ. Það er einnig greinilegt að mikið og gott uppbyggingarstarf er í gangi í öllum skólum. Það er einmitt nauðsynlegt að svo sé ef við ætlum að finna ný tækifæri og nýta þau. Í þessari vinnu felst sköpun en hún felst ekki einvörðungu í einhverju nýju og frumlegu, heldur einnig í hagnýtingu þess sem fyrir er. Sköpun snýst þannig um lausnir viðfangsefna og leit að nýjum möguleikum.

Þetta er einmitt inntak þeirra draga að nýjum aðalnámskrám allra skólastiganna sem nú liggja frammi til umsagnar. Þar eru sett fram ný gildi og staða skólans gagnvart samfélaginu, þróun þess og breytingum á því, skilgreind á annan hátt en áður hefur verið gert.

Það er því mikilvægara en nokkru sinni áður að við sem störfum í skólakerfinu leitum tækifæra og nýtum sköpunarkraftinn, sem ég er sannfærður um að býr í okkur öllum og bíður þess eins að verða virkjaður í enn ríkari mæli en verið hefur.

Það eru því að mínu mati spennandi tímar framundan í skólalífinu og óska ég eftir því að við getum sam-  
einast um það öll að nálgast þá með jákvæðu og uppbyggjandi hugarfari.

**Lýsum okkur leiðina í stað þess að þreifa okkur áfram í myrkrinu.**

Að svo mæltu óska ég öllu samstarfsfólki mínu í skólakerfi Akureyrarbæjar og fjölskyldum þeirra velfarnaðar á nýju ári með þakklæti fyrir frábært starf á því ári sem nú lýkur.

Megið þið öll eiga gleðilega jólahátíð!  
Gunnar Gíslason fræðslustjóri.



### Vikur vináttu í Oddeyrarskóla



Einkunnarorð Oddeyrarskóla eru *ábyrgð - virðing og vinátta*. Síðustu tvær vikurnar fyrir jólafrí ætla nemendur skólans að leggja sérstaka áherslu á vináttuna. Einn veggur í matsal skólans hefur verið útbúin sem *vináttuveggur*. Nemendur eru hvattir til að sýna hver öðrum vinsemd og skrá hjá sér það sem þeir gera gott fyrir aðra. Þannig er ætlunin að safna góðverkum á vegginn og er vonast til að hann verði verulega fallegur og fullur af góðverkum eftir tvær vikur.

### Comeniusheimsókn í Síðuskóla


Víkuna 29.nóvember til 3.desember voru í heimsókn í Síðuskóla nemendur og kennarar frá Grikklandi, Spáni, Ungverjalandi og Belgíu. Nemendur voru í kennslustundum með nemendum í 9. og 10.bekk en kennarar hittust og ræddu málin. Heimsóknin var í tengslum við samstarf skóla frá þessum löndum. Síðuskóli vinnur að því með hinum skólunum að nýta tölvutæknina meira í kennslu. Nemendur sem koma að þessu verkefni munu uppfæra aðra kennara um það hvernig þeir geti nýtt sér tölvutæknina til að gera kennslustundirnar fjölbreyttari og vonandi bæði skemmtilegri og meira hvetjandi fyrir nemendur til að læra. Þessi heimsókn er fyrsta verkefnið í verkefninu ICT4U sem styrkt er af Evrópusambandinu og í framhaldinu munu kennarar og nemendur við Síðuskóla sækja aðra þátttakendur heim.

Nemendur sem komu hingað gistu hjá nemendum og fjölskyldum þeirra og báru mikið lof á allar aðstæður og vildu þeir helst ekki yfirgefa landið þegar kom að brottfarardegi.



**Leikskólinn Naustatjörn****Stefna skólans**

- *Ad barnið vinni út frá eigin áhuga og reynslu, sé virkt og skapandi í leik sínum og læri með því að prófa sig áfram*
- *Ad barnið takist á við margbreytileg verkefni og þroski með sér góða sjálfsmynd og sjálfsöryggi*
- *Ad barnið læri í gegnum félagsleg samskipti við fullorðna og önnur börn*
- *Ad verkefni séu ögrandi og veiti barninu aukinn þroska og vitaneskju*
- *Í gegnum leikinn er barninu boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni sem koma til móts við þarfir þess, áhuga og getu auk þess sem þau stuðla að auknum þroska*
- *Ad barni kynnist umhverfi sínu, náttúru landsins og læri að bera virðingu fyrir því*
- *Ad góð samvinna ríki milli heimilis og skóla barnsins*

**Hugmyndafræði skólans**

Hugmyndafræði skólans byggir á hugmyndum frá John Dewey, Lev Vygotsky og Howard Gardner.

- ⇒ *ad virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess*
- ⇒ *barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla þess er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu*
- ⇒ *þegar barn fær tækifæri til að vinna að verkefnum sem eru aðeins ofar getu þess hefur það tækifæri til að þroska sig áfram*
- ⇒ *hæfileiki barna og fullorðinna getur legið á mismunandi sviðum og ein tegund greindar er ekki mikilvægari en sú næsta, því er mikilvægt að gefa börnum tækifæri til fjölbreyttra leikja og verkefna svo þau fái tækifæri til að þroska sig sem best.*

**Þróunarverkefni í leikskólum Akureyrar**

**Lengi býr að fyrstu gerð.** Starf með yngstu börnunum. Leikskólarnir Íðavöllur og Naustatjörn fengu styrk úr þróunarsjóði Menntamálaráðuneytisins 2005 ásamt leikskólanum Álfheiði og Furugrund í Kópavogi til að vinna þetta verkefni. Markmið verkefnisins: Að rannsaka og þróa starfsaðferðir leikskólakennara yngstu árganga í leikskóla, með það fyrir augum að hanna kennsluleiðbeiningar fyrir yngsta stig leikskólans, byggðar á reynslu leikskólanna af því starfi sem þegar er unnið þar og styðja það með fræðilegum rökum. Skýrslu og kennsluleiðbeiningar má nálgast á slóðinni

[http://idavollur.akureyri.is/lengi\\_byr\\_ada\\_fyrstu\\_gerd.pdf](http://idavollur.akureyri.is/lengi_byr_ada_fyrstu_gerd.pdf)

**Jafnrétti í skólum „Það læra börnin sem fyrir þeim er haft“ Heimspokisamræður um jafnrétti í leikskólanum Lundarseli**

Markmiðið með verkefninu var:

- að auka viðsýni barnanna og benda á margbreytileika lífsins,
- að börnin læri að rökstyðja viðhorf sín og skoðanir, að börnin læri að virða viðhorf og skoðanir annarra,
- að börnin átti sig á að leikir, hlutir, föt og litir eru stundum kynbundin sem þarf ekki að vera rétt viðhorf eða skoðun,
- að starfsfólk rýni í eigin barm varðandi viðhorf sín og orðræðu tengda jafnrétti í skólum.

Skýrsluna má lesa á heimasíðu skólans

<http://lundarsel.akureyri.is/Heimspoki/heimspek%20fyrsta%20sida.htm>

Hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga -  
*Mandell Creighton*

**Pálmholt - ennþá ofarlega í hugum Hlífarkvenna**

Eins og margir vita rak kvenfélagið Hlíf barnaheimilið Pálmholt frá 1950 - 1971. Kvenfélagið gaf Akureyrarbæ hús, lóð og allan búnað skólans árið 1972.

Enn þá er sterk taug milli kvenfélagsins og Pálmholts eins og sjá má af veglegri afmælisgjöf sem skólinn fékk á 60 ára afmæli sínu nú í sumar, en kvenfélagið gaf veglegt gjafabréf. Ákveðið hefur verið að verja upphæðinni til kaupa á þremur stafrænum myndarömmum sem komið verður fyrir í fataherbergjum skólans.

**Foreldranámskeið um Jákvæðan aga**

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á foreldranámskeið um jákvæðan aga í janúarmánuði. Um verður að ræða tveggja kvöldna námskeið sem haldið er í samstarfi Naustaskóla, Naustatjarnar, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla og mun það verða opið foreldrum barna úr öllum skólunum.

Á námskeiðinu verður hugmyndafræði stefunnar miðlað til foreldra og kynntar leiðir til að hagnýta aðferðir jákvæðs aga í uppeldinu heima fyrir.

Forskráning á námskeiðið er á slóðinni

<http://www.surveymonkey.com/s/VDHFXTL>

**Ferðalag í snjónum**

Ekki þarf alltaf að leita langt til að gera sér glaðan dag. Börnin á Síðuseli bjuggu sér til ævintýraveröld í rjóðrinu fyrir utan



leikskólann. Þar bjuggu þau til eldstæði og borð úr snjó í einni ferð og í þeirri næstu nýttu þau sér byggingarnar sínar.

Lagðar voru á borð dýrindis kleinur, piparkökur og



kakó....

Tendraður var eldur í eldstæðinu og meira að segja tunglið skartaði sínu fegursta fyrir hóp-

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 6. janúar 2011